

Fundargerð  
Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

3. fundur 26. júní 2003 haldinn í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni, kl.17-19.

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Jón Þorvaldsson, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Ari Guðmundsson, , Stefán Eiríksson, Helga Jónsdóttir, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

Formaðurinn fór yfir ráðstefnuna og lýstu fundarmenn almennri ánægju með hvernig til tókst og að upphaflegu markmiði hefði verið náð sem var að upplýsa og kynna væntanlegar reglur. Búist hafði verið við fleiri þátttakendum en þar ættu sumarleyfi örugglega sinn þátt.

Sigurbergur og Unnur lögðu fram eftirfarandi verkáætlun :

1	<b>Skipulag siglingaverndar</b>	
2	Gildissvið skipaverndar (Íslensk skip)	<b>Stýrihópur; Siglingastofnun; Samgönguráðuneytið</b>
3	Gildissvið hafnarverndar (Íslenskar hafnir)	<b>Stýrihópur; Siglingastofnun; Samgönguráðuneytið</b>
4	Gildissvið jafngildisreglna	<b>Stýrihópur; Samgönguráðuneytið; Siglingastofnun</b>
5	Skipulag hafnarverndar	<b>Stýrihópur; Samgönguráðuneytið</b>
6	Skipulag skipaverndar	<b>Stýrihópur; Samgönguráðuneytið</b>
7	<b>Undirbúningur siglingaverndar</b>	
8	<b>Stjórnsýsla siglingaverndar</b>	
9	Tilnefning designated authority (Siglingastofnun)	<b>Samgönguráðuneyti</b>
10	Viðurkenndur verndaraðili (Flokkunarfél.?)	
11	Samningar um valkvæðar verndarráðstafanir	<b>Samgönguráðuneyti; Utanríkisráðuneytið</b>
12	Útgáfa verndaryfirlýsingar	
13	<b>Innleiðing í íslensk lög</b>	
14	Yfirferð laga og reglna m.t.t. siglingaverndar	<b>Samgönguráðuneyti; Siglingastofnun</b>
15	Undirbúningur lagafrumvarpa	<b>Samgönguráðuneyti; Siglingastofnun</b>
16	Kynnt fyrir ríkisstjórn	<b>Samgönguráðuneyti</b>
17	Meðferð Alþingis	
18	<b>Vástig</b>	
19	Ábyrgð og ákvörðun vástigs	
20	Verklýsingar fyrir framkvæmd	
21	Eftirfylgni	
22	<b>Hafnarvernd</b>	
23	Tilkynning um gildissvið	<b>Siglingastofnun</b>
24	Úttekt áhættumats	<b>Siglingastofnun</b>
25	Staðfesting verndaráætlunar	<b>Siglingastofnun</b>
26	Tilkynning til IMO	<b>Siglingastofnun</b>
27	Eftirlit með að kröfum sé fullnægt	<b>Siglingastofnun</b>
28	Athuganir/prófanir á verndaráætlunum	<b>Siglingastofnun; Lögreglan; Tollgaslan</b>

29	Skipulag upplýsingamiðlunar	<b>Siglingastofnun</b>
30	Skilríki embættismanna útgáfa og utanumhald	<b>Siglingastofnun</b>
31	<b>Skipavernd</b>	
32	Staðfesting áhættumats	<b>Siglingastofnun</b>
33	Staðfesting verndaráætlunar	<b>Siglingastofnun</b>
34	Staðfesting verndarfulltrúa	<b>Siglingastofnun</b>
35	Skoðun skipa	<b>Siglingastofnun;Aðrir?</b>
36	Útgáfa siglingaverndarskírteina	<b>Siglingastofnun</b>
37	Útgáfa bráðabirgðaskírteinis	<b>Siglingastofnun</b>
38	Athuganir/prófanir á verndaráætlun	<b>Siglingastofnun</b>
39	<b>Tilkynningar til IMO</b>	
40	Stofnun sem ber ábyrgð á vernd skipa og hafna	
41	Hafnir með samþykktu hafnarverndaráætlun	<b>Siglingastofnun</b>
42	Móttökustofnun fyrir tilkynningar um váatvik	
43	Móttökustofnun fyrir tilkynningar frá aðildarríkjum	
44	Stofnun fyrir miðlun upplýsinga og aðstoð	
45	Upplýsingar um valkvæðar verndarráðstafanir	
46	Upplýsingar um jafngildar verndarráðstafanir	
47	<b>Undirbúningur hafna</b>	
48	Tilkynning um verndarfulltrúa	<b>Höfn</b>
49	Þjálfun og æfingar fyrir verndarfulltrúa	
50	Leiðbeiningar um gerð áhættumats	<b>IMO reglur</b>
51	Áhættumat í höfn	<b>Höfn</b>
52	Leiðbeiningar um gerð verndaráætlunar	<b>IMO reglur</b>
53	Gerð verndaráætlunar	<b>Höfn</b>
54	Gerð handbóka	<b>Höfn</b>
55	Framkvæmd verndaráætlunar	<b>Höfn</b>
56	<b>Jafngildar verndarráðstafanir fyrir hafnir</b>	
57	Verklagsreglur	<b>Siglingastofnun</b>
58	Flæðirit fyrir framkvæmd	<b>Siglingastofnun</b>
59	Eftirlit með framkvæmd	<b>Siglingastofnun</b>
60	<b>Undirbúningur fyrir skipavernd</b>	
61	Áhættumat skipa	<b>Útgerð</b>
62	Tilkynning um verndarfulltrúa skips	<b>Útgerð</b>
63	Tilkynning um verndarfulltrúa útgerðar	
64	Þjálfun verndarfulltrúa og prófanir	
65	Verndaráætlun fyrir skip	<b>Útgerð</b>
66	Gerð handbóka og leiðbeininga	<b>Útgerð</b>
67	Uppsetning búnaðar í skipi	<b>Útgerð</b>
68	<b>Önnur atriði</b>	
69	Tilnefning tengiliðar og verklýsing	

70	Fyrirbyggjandi aðgerðir Control measure	
71	Sérfróðir menn um áhættumat hafna	
72	<b>Framkvæmd siglingaverndar</b>	
73	Ákvörðun um vástig	
74	Eftirlit með framkvæmd vástigs	
75	Yfirlýsing um siglingavernd	<b>Höfn;Skip</b>
76	Vottorð og staðfestingar í höfn og á sjó	

Sigurbergur fór yfir áætlunina og skýrði hvern verklið fyrir sig. Ákveðið var að fela Unni og Sigurbergi að senda Siglingastofnun bréf í samræmi við framangreinda áætlun. Þá var fulltrúum hafna og útgerða falið að beina því til umbjóðenda sinna að hefja undirbúning áhættumats og verndaráætlunar. Farið verður yfir framvindu málsin á næsta fundi stýrihópsins sem er ákveðinn 18. ágúst n.k. Formaður lýsti ánægju með verkáætlunina og taldi að með henni hefðu orðið ákveðin kaflaskipti í vinnu hópsins.

Nokkrar almennar umræður urðu í lok fundarins. Velt var fyrir sér hvaða aðilar væru hæfir til að útbúa áhættumat og taka út verndaraðgerðir. Ari upplýsti að IMO hefði ráðið sérfræðing sem aðildarríki gætu leitað til um upplýsingar í þessu efni.

Helga minnti á að fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár yrði lokað í ágúst og að allar beiðnir um aukafjárveitingu sem hugsanlega kæmu til vegna verkefnisins þyrftu að vera tilbúnar fyrir þann tíma.

Jón upplýsti að þrír menn héðan af landi væru á leið utan á námskeið til að kynna sér praktískar hliðar verkefna sem tengjast innleiðingunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.  
Fundargerð ritaði Unnur Sverrisdóttir.